



Efnisyfirlit

Áritun félagskjörinna skoðunarmanna	1
Áritun stjórnar	2
Skýrsla stjórnar	3
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Sjóðstreymi	7
Skýringar	8



Áritun félagskjörinna skoðunarmanna

Við undirritaðir höfum skoðað ársreikning yngri flokka Knattspyrnudeildar Gróttu fyrir árið 2015. Skoðun okkar hefur ekkert leitt í ljós sem bendir til annars en að reikningsskilin gefi glögga mynd af afkomu og sjóðstreymi á árinu 2015 og efnahag í lok ársins.

Skoðunarmenn Knattspyrnudeildar Gróttu staðfesta hér með ársreikning yngri flokka deildarinnar fyrir árið 2015 með undirritun sinni.

Seltjarnarnesi, 7. apríl 2016

Rögnvaldur Dofri Pétursson

Bjarni Torfi Alfpórsson



Áritun stjórnar

Stjórn knattspyrnudeildar Gróttu staðfestir hér með ársskýrslu og ársreikning deildarinnar fyrir árið 2015 með undirritun sinni.

Seltjarnarnesi, 7. apríl 2016

Hilmar Sigurðsson

Magnús Gunnarsson

Jón Sigurðsson

Arni Pétursson

Bergur Sigurjónsson

Ísak Runólfsson

Halldór Eyjólfsson

Elias Kristjánsson

Ólafur Páll Johnsson



Skýrsla stjórnar Knattspyrnudeild Gróttu 2015

Yngri flokkar 2. til 8. flokkur

Árið 2015 var gott hjá yngri flokkum Gróttu og vísbendingar um að uppbygging síðustu ára er að skila sér. Fjölgun iðkenda síðustu ár hefur haldið sér að mestu og sem stendur er fjöldi iðkenda á aldrinum 4-19 ára nú nálægt 285, eða um 190 drengir og 95 stúlkur. Með hliðsjón af fjölda barna á Nesinu er þátttakan hlutfallslega mjög mikil og mikilvægt að geta starfrækt alla yngri flokka annað árið í röð. Það er gleðileg staða en um leið mikil áskorun fyrir lítið félag, eins og Gróttu, að halda þeirri stöðu til framtíðar.

Grunnurinn að öfluggu starfi er skýr stefna og öflugir þjálfarar. Áfram hefur verið lögð sú megin áhersla að iðkendur fái góða og faglega þjálfun í knattspyrnu auk þess að styrkja félagsþroska og vináttu barna í Gróttu. Þetta hefur m.a. skilað sér í því að brottfall hefur almennt verið lítið. Þar reynir mest á elstu flokkana og hefur eftir megni verið stuðlað að því að iðkendur haldi sem lengst áfram. Samstarfið við KR í kvennaboltanum er hluti af þessu plani og hefur orðið til þess að Gróttu-stelpur geta haldið áfram í fótbolta upp alla yngri flokkana. Vonir um að fjölgun yrði í þessum hópi hefur ekki gengið eftir en mikil þátttaka í yngstu flokkunum og stofnun meistaraflokks kvenna geftur tilefni til bjartsýni varðandi þá þróun.

Magnús Örn Helgason yfirþjálfari hefur leitt starf yngri flokka Gróttu af miklum metnaði og sannri ástríðu. Frá síðasta hausti hefur hefur Magnús í samvinnu við Bjarka Má Ólafsson leitt vinnu við stefnumótun og framtíðarsýn yngri flokkanna undir heitinu Gróttuleiðin. Stefnt er á formlegri útgáfu plaggins fyrir sumarið og mun það í styðja enn frekar við starfið. Stjórn kann þeim félögum bestu þakkir fyrir mikilvægt framlag þeirra í þessum málum.

Gott starf innan knattspyrnudeildar stendur þó og fellur með þjálfurum félagsins. Staðan í þeim málum hefur sjaldan verið betri og hefur náðst að stilla saman þéttan og samheldan hóp þjálfara með mikinn metnað fyrir starfinu. Ungir og uppaldir Gróttu-menn hafa fengið stærra verkefni og einnig hafa nýir þjálfarar með reynslu frá öðrum liðum bæst í hópinn. Menntunarstig þjálfara er gott og hefur markvisst verið lögð áhersla á að þjálfarar bæti við sig menntun í fræðunum.

Gróttu tók þátt í öllum helstu mótum ársins og heilt yfir var árangurinn góður. Sem fyrr voru stóru sumarmótin fyrirferðamest hjá þeim yngstu og voru bæði Gróttu-krakkar og foreldrar félaginu til mikils sóma. Til merkis um það er fjöldi viðurkenninga fyrir þróðmennsku innan sem utan vallar. En Gróttu-krakkar eru ekki bara þróðir heldur einnig góð í fótbolta. Má þar m.a. nefna árangur stelpnanna í 6.fl. sem kepptu til úrslita á Síamótinu sl. sumar. Einnig má nefna að strákarnir í 5.fl. karla komust í úrslitakeppi Íslandsmótsins og 2.fl. tryggði áframhaldandi sæti sitt í B-deild. Allt eru þetta mikilvægir sigrar fyrir Gróttu og vísbending um að starfið sé á réttri leið. Þá eru merki þess að uppaldir Gróttu-menn muni á komandi árum spila stærra hlutverk í meistaraflokkum félagsins.

Sumarnámskeið knattspyrnudeildar voru afar vel sótt að vanda. Pétur Már Harðarson veitti knattspyrnskólanum forystu og undanfarin ár fékk knattspyrnskólinn gæðavottun KSÍ og UEFA en einungis fáir knattspyrnskólar á landinu hafa hlotið þessa viðurkenningu mörg ár í röð.

Eins og fram hefur komið var rekstrarafkoma yngri flokkana góð á síðasta ári. Traustur rekstur deildarinnar síðustu ár hefur lagt grunn að öflugum starfi á komandi misserum.

Í stjórn deildarinnar á árinu störfuðu:

Hilmar S Sigurðsson formaður

Jón Sigurðsson varaformaður

Magnús Gunnarsson gjaldkeri

Bergur Sigurjónsson ritari

Árni Pétursson meðstjórnandi

Ísak Þórður Runólfsson meðstjórnandi

Halldór Eyjólfsson meðstjórnandi og formaður barna- og unglingaráðs

Elías Kristjánsson meðstjórnandi

Ólafur P Johnson meðstjórnandi

Ég vil að lokum þakka stjórnarmönnum, þjálfurum, iðkendum, starfsmönnum Gróttu, iðkendum og foreldrum fyrir ómetanlegt starf í þágu deildarinnar á þessu ári. Einnig vil ég þakka Seltjarnarnesbæ og ÍTS fyrir ómetanlegan stuðning og fyrir gott og ánægjulegt samstarf á liðnum misserum.

Seltjarnarnesi, 7. apríl 2016

Halldór Eyjólfsson,

Formaður barna- og unglingaráðs



Rekstrarreikningur 2015

Rekstrartekjur	Skýr.	2015	2014
Framlög og styrkir	3	33.968.897	39.498.504
Aðrar tekjur	4	<u>18.459.561</u>	<u>13.859.000</u>
		<u>52.428.458</u>	<u>53.357.504</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	5	3.348.529	537.622
Verktakagreiðslur		13.654.000	14.007.500
Styrkir til deilda (húsaleigustyrkir)		21.615.390	21.288.670
Áhöld, tæki og búnaður		3.249.973	664.142
Þátttaka og kostnaður vegna móta	6	6.075.220	12.175.769
Annar kostnaður	7	<u>988.631</u>	<u>623.424</u>
		<u>48.931.743</u>	<u>49.297.127</u>
	Rekstrarhagnaður	3.496.715	4.060.377
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur		50.356	8.237
Vaxtagjöld		<u>0</u>	<u>0</u>
		<u>50.356</u>	<u>8.237</u>
	Hagnaður ársins	<u>3.547.071</u>	<u>4.068.614</u>



Efnahagsreikningur 31/12 2015

Eignir

	Skýr.	2015	2014
Veltufjármunir			
Skammtímakröfur		3.904.533	2.223.250
Handbært fé		<u>4.327.116</u>	<u>2.017.667</u>
Veltufjármunir samtals		<u>8.231.649</u>	<u>4.240.917</u>
Eignir samtals		<u><u>8.231.649</u></u>	<u><u>4.240.917</u></u>

Eigið fé og skuldir

	Skýr.	2015	2014
Eigið fé			
Uppsafnað eigið fé frá fyrra ári		3.601.962	(466.652)
Tekjuafgangur ársins		<u>3.547.071</u>	<u>4.068.614</u>
Eigið fé samtals	8	<u>7.149.033</u>	<u>3.601.962</u>

Skuldir

Skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir		<u>1.082.616</u>	<u>638.955</u>
Skammtímaskuldir samtals		<u>1.082.616</u>	<u>638.955</u>

Skuldir samtals		<u>1.082.616</u>	<u>638.955</u>
-----------------	--	------------------	----------------

Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>8.231.649</u></u>	<u><u>4.240.917</u></u>
-----------------------------	--	-------------------------	-------------------------



Sjóðstreymi 2015

Handbært fé frá rekstri	Skýr.	2015	2014
Hagnaður ársins		3.547.071	4.068.614
Hreint veltufé frá rekstri		<u>3.547.071</u>	<u>4.068.614</u>
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur		(1.681.283)	(1.903.383)
Skammtímaskuldir		<u>443.661</u>	<u>(631.422)</u>
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum		(1.237.622)	(2.534.805)
Handbært fé frá rekstri		<u>2.309.449</u>	<u>1.533.809</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		2.309.449	1.533.809
Handbært fé í ársbyrjun		2.017.667	483.858
Handbært fé í árslok		<u>4.327.116</u>	<u>2.017.667</u>



Skýringar

1. Upplýsingar um félagið

Knattspyrnudeild Gróttu er hluti af Íþróttafélaginu Gróttu á Seltjarnarnesi. Starfsstöð deildarinnar er staðsett við Suðurströnd 8 á Seltjarnarnesi. Þessi ársreikningur, knattspyrnudeildar Gróttu, er ársreikningur yngri flokka.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann er í íslenskum krónum og byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Matsaðferðir

Stjórnendur þurfa að meta og taka sértækar ákvarðanir er varða mikilvæga liði ársreikningsins og vegna eðlis síns eru háðir mati hverju sinni. Matsaðferðirnar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir, geta við sölu eða aðra ráðstöfun, reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Handbært fé

Til handbærs fjár í efnahagsreikningi og við gerð sjóðstreymis teljast bankainnstæður.

Tekjur

Tekjur eru færðar þegar verulegar líkur eru á að fjárhagslegur ávinningur þeirra renni til deildarinnar og þegar hægt er að meta þær með áreiðanlegum hætti.

Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær falla til.

3. Framlög og styrkir

	2015	2014
Húsaleigustyrkir	20.000.000	20.000.000
Ferðastyrkir	1.438.530	1.032.500
Rekstrarstyrkur	4.471.917	4.460.004
Sjálfsaflafé	3.709.400	10.459.100
Lottó	716.700	796.900
Aðrir styrkir	3.632.350	2.750.000
	<u>33.968.897</u>	<u>39.498.504</u>

4. Aðrar tekjur

	2015	2014
Æfingagjöld	17.094.856	13.068.687
Íþróttaskóli, námskeið	1.364.705	782.113
Aðrar tekjur	0	8.200
	<u>18.459.561</u>	<u>13.859.000</u>



Skýringar

5. Laun og launatengd gjöld

	2015	2014
Laun	2.827.500	456.475
Launatengd gjöld	521.029	81.147
	<u>3.348.529</u>	<u>537.622</u>

6. Þátttaka og kostnaður vegna móta

	2015	2014
Ferðakostnaður innanlands	5.363.374	4.367.943
Ferðakostnaður erlendis	0	7.440.000
Annar kostnaður	711.846	367.826
	<u>6.075.220</u>	<u>12.175.769</u>

7. Annar kostnaður

	2015	2014
Félagaskipti og sala leikmanna	0	14.000
Rekstur skrifstofu	116.874	11.978
Kynning og fræðsla	380.800	175.000
Uppskeruhátíð	131.130	114.005
Þjónustugjöld	227.816	225.710
Annar kostnaður	132.011	82.731
	<u>988.631</u>	<u>623.424</u>

8. Eigið fé

	Uppsafnað frá fyrra ári	Tekjuafg. ársins	Samtals
Eigið fé 1/1	(466.652)	4.068.614	3.601.962
Afkoma f.f. ári flutt á uppsafnað eigið fé	4.068.614	(4.068.614)	0
Afkoma ársins		3.547.071	3.547.071
Eigið fé 31/12	<u>3.601.962</u>	<u>3.547.071</u>	<u>7.149.033</u>